

Athugasemdir um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn, unglunga og fjölskyldur þeirra.

1) Áhersla er lögð á sálfræðiþjónustu og geðheilbrigðisþjónustu í tillögunum. Ekki einungis sálfræðingar vinna meðferðarvinnu og ekki allir sálfræðingar hafa leyfi til að vinna klíníska meðferðarvinnu. Aðrar stéttir vinna meðferðarvinnu einnig, s.s. klínískir félagsráðgjafar, geðhjúkrunarfræðingar og fjölskyldumeðferðarfræðingar. Lagt er til að nota hugtakið þerapistar frekar en sálfræðingar. Þess má geta að stór hluti þeirra sem eru með viðtalsmeðferð og aðra meðferð eru klínískir félagsráðgjafar sem kallast þerapistar. Lagt er til að hugtakið þerapisti sé notað í stað hugtaksins sálfræðingur.

2) Áhersla er lögð á hugræna atferlismeðferð. Meðferð sem byggir á annarskonar hugmyndafræði hefur einnig skilað árangri og má þar nefna lausnamiðaða meðferð (e. solution focused therapy) og frásagarmeðferð (e. narrative therapy) en þessar aðferðir hafa mikið verið notaðar í fjölskyldumeðferð og eru gagnreyndar (e. evidence based). Hugræn atferlismeðferð eða önnur formleg viðtalsmeðferð er ekki talin henta yngri börnum, þar á leikmeðferð (e. play therapy) betur við, listmeðferð (e. art therapy) eða tónlistarmeðferð (e. music therapy). Lagt er til að hugtakið meðferð sé notað í stað hugtaksins sálfræðimeðferð.

3). Varðandi forvarnir kemur fram að öllum foreldrum standi til boða námskeið sem auka foreldrahæfni. Þar eru nefnd dæmi um PMT og SOS námskeið. Þessi námskeið leggja áherslu á hegðunarmótun barna og eiga því fyrst og fremst við þegar börn eru með hegðunarvanda. Æskilegt er að almennt sé ekki lögð megin áhersla á hegðunarmótun, heldur á innrætingu siðferðis. Ástæðan er að börn sem eru alin upp við mikla hegðunarmótun hlýða helst þegar fullorðnir aðilar eða yfirvald er nálægt en eru síður líklegri til að gera það þegar fullorðnir aðilar eru ekki til staðar. Þetta er þó sú aðferð sem hefur reynt einna best þegar börn eiga við hegðunarvanda að stríða en talið er að 5-10% barna eigi við slíkan vanda að stríða. Aðferðir sem leggja áherslu á lýðræðislega foreldrahætti og innrætingu siðferðisgilda eru hentugri fyrir börn almennt. Þess má geta að lýðræðislegt uppeldi (e. authoritative) hefur sýnt sig í rannsóknum að er heppilegri uppeldisaðferð heldur en uppeldi þar sem mikil áhersla er á stjórnun barna (e. authoritarian) eða þegar sinnuleysi einkennir uppeldið (e. permissive) samkvæmt kenningu Baumrind's. Því væri eðlilegra að leggja megin áherslu á námskeið sem eflir lýðræðislega foreldrahæfni fyrir foreldra almennt en á hegðunarmótandi námskeið í þeim tilfellum sem börn eru með hegðunarvandkvæði.

Freydís Jóna Freysteinsdóttir félagsráðgjafi (MSW, PhD)

Helga Þórðardóttir félagsráðgjafi (M.A.)

Fyrir hönd Fjölskyldumeðferðarnáms við Endurmenntun Háskóla Íslands.